

**LÖG**  
**um breyting á lögum um helgidagafrið,**  
**nr. 32 14. maí 1997.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna orðast svo: Gististarfsemi og tengd þjónusta, starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og friðhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem a.m.k.  $\frac{2}{3}$  hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 2005.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Björn Bjarnason.*